



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 9. september 2024

MSS24080052

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um viljayfirlýsingar þjóðarleikvanga fyrir knattspyrnu og frjálsar íþróttir

Á fundi borgarráðs 15. ágúst 2024 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um viljayfirlýsingar vegna þjóðarleikvanga:

Óskað er eftir upplýsingum um og yfirliti yfir þær viljayfirlýsingar sem borgarstjóri og/eða aðrir fulltrúar Reykjavíkurborgar hafa undirritað vegna þjóðarleikvanga fyrir knattspyrnu og frjálsar íþróttir.

Fyrirspurninni var vísað til skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Svar við fyrirspurn:

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu upplýsinga- og skjalastýringar hafa fjórar viljayfirlýsingar um þjóðarleikvanga fyrir knattspyrnu og frjálsar íþróttir verið lagðar fyrir borgarráð og skráðar í málakerfi. Þær eru:

- Dags. 12. október 2016: Viljayfirlýsing mennta- og menningarmálaráðuneytis, Reykjavíkurborgar og Knattspyrnusambands Íslands til að fullkanna rekstrargrundvöll fjölnota íþróttaleikvangs, bera saman mismunandi útfærslur og vinna frumhönnun leikvangsins ásamt því að vinna kostnaðargreiningu vegna framkvæmda. Jafnframt að finna varanlega lausn fyrir frjálsar íþróttir.
- Dags. 18. október 2016: Erindisbréf starfshóps um framtíð Laugardalsvallar byggt á viljayfirlýsingu dags. 12. október 2016.
- Dags. 11. janúar 2018: Yfirlýsing ríkis og Reykjavíkurborgar um skipan starfshóps með KSÍ um uppbyggingu Laugardalsvallar.
- Dags. 21. ágúst 2024: Viljayfirlýsing um uppbyggingu þjóðarleikvanga í knattspyrnu og frjálsíþróttum í Laugardal.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari



Reykjavík



Hjálagt:

Viljayfirlýsing dags. 12. október 2016.

Erindisbréf dags. 12. október 2016.

Viljayfirlýsing dags. 11. janúar 2018.

Viljayfirlýsing dags. 21. ágúst 2024.



Reykjavík



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg



Knattspyrnusamband Íslands hefur unnið hagkvæmiathugun um uppbyggingu fjölnota leikvangs í Laugardal þar sem markmiðið er að bæta Laugardalsvöll sem þjóðarleikvang í knattspyrnu, auka nýtingu hans, ásamt því að styrkja nærumhverfi vallarins. Mennta- og menningarmálaráðherra, borgarstjórinn í Reykjavík og stjórn Knattspyrnusambands Ísland hafa því ákveðið að veita styrk til undirbúnings verkefnisins.

Í því skyni er gerð svohljóðandi

VILJAYFIRLÝSING


Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Reykjavíkurborg og Knattspyrnusamband Íslands lýsa sig reiðubúna að leggja fram hver um sig 7 milljónir kr. eða alls 21 milljón kr. til að fullkanna rekstrargrundvöll fjölnota íþróttaleikvangs, bera saman mismunandi útfærslur og vinna frumhönnun leikvangsins ásamt því að vinna kostnaðargreiningu vegna framkvæmda. Jafnframt verður unnið að því að finna varanlega lausn fyrir frjálsar íþróttir.


Reykjavíkurborg lýsir sig reiðubúna til að koma að nauðsynlegri greiningu og skipulagsvinnu sem tengist þróun fjölnota íþróttaleikvangs á Laugardalsvelli með vísan til erindis Knattspyrnusambands Íslands frá 10. mars 2016, samþykktar borgarráðs frá 15. september sl. og þeim fyrirvörum sem þar koma fram.


Knattspyrnusamband Íslands skuldbindur sig til að bera ábyrgð á framvindu verkefnisins og leggja fram verkefnisáætlun til samþykktar fyrir aðila samkomulagsins. Verkefnisáætlun skal gera ráð fyrir að næsta verkþætti verði lokið eigi síðar en 15. janúar 2017.

Þegar niðurstöður liggja fyrir munu aðilar samkomulagsins taka afstöðu til framhalds verkefnisins og raunhæfni. Afstaða mennta- og menningarmálaráðuneytis um frekari þátttöku mun taka mið af því hvort Laugardalsvöllur verði skilgreindur sem þjóðarleikvangur.

Reykjavík, 12. október 2016


Illugi Gunnarsson
mennta- og menningarmálaráðherra


Dagur B. Eggertsson
borgarstjórinn í Reykjavík


Geir Þorsteinsson
formaður KSÍ

Borgarráð

Viljayfirlýsing um fjölnota þjóðarleikvang í Laugardal

Viljayfirlýsing Knattspyrnusambands Íslands, Reykjavíkurborgar og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um samstarf til að fullkanna rekstrargrundvöll fjölnota þjóðarleikvangs í Laugardal var samþykkt af borgarráði þann 6. október sl. Á grundvelli hennar verður starfshópur um framtíð Laugardalsvallar endurskipaður sbr. hjálögð drög að erindisbréfi hópsins sem lögð eru fram til kynningar. Hlutverk starfshópsins er að leggja mat á tillögu að verkefnisáætlun og fylgjast með framgangi málsins auk þess að hafa umsjón með samskiptum við KSÍ og mennta- og menningarmálaráðuneytið vegna málsins.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Viljayfirlýsing Knattspyrnusambands Íslands, Reykjavíkurborgar og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um samstarf til að fullkanna rekstrargrundvöll fjölnota þjóðarleikvangs í Laugardal dags. 12. október 2016.
Drög að erindisbréfi starfshóps um framtíð Laugardalsvallar.



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg



Knattspyrnusamband Íslands hefur unnið hagkvæmniathugun um uppbyggingu fjölnota leikvangs í Laugardal þar sem markmiðið er að bæta Laugardalsvöll sem þjóðarleikvang í knattspyrnu, auka nýtingu hans, ásamt því að styrkja nærumhverfi vallarins. Mennta- og menningarmálaráðherra, borgarstjórinn í Reykjavík og stjórn Knattspyrnusambands Ísland hafa því ákveðið að veita styrk til undirbúnings verkefnisins.

Í því skyni er gerð svohljóðandi

VILJAYFIRLÝSING


Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Reykjavíkurborg og Knattspyrnusamband Íslands lýsa sig reiðubúna að leggja fram hver um sig 7 milljónir kr. eða alls 21 milljón kr. til að fullkanna rekstrargrundvöll fjölnota íþróttaleikvangs, bera saman mismunandi útfærslur og vinna frumhönnun leikvangsins ásamt því að vinna kostnaðargreiningu vegna framkvæmda. Jafnframt verður unnið að því að finna varanlega lausn fyrir frjálsar íþróttir.

Reykjavíkurborg lýsir sig reiðubúna til að koma að nauðsynlegri greiningu og skipulagsvinnu sem tengist þróun fjölnota íþróttaleikvangs á Laugardalsvelli með vísan til erindis Knattspyrnusambands Íslands frá 10. mars 2016, samþykktar borgarráðs frá 15. september sl. og þeim fyrirvörum sem þar koma fram.


Knattspyrnusamband Íslands skuldbindur sig til að bera ábyrgð á framvindu verkefnisins og leggja fram verkefnisáætlun til samþykktar fyrir aðila samkomulagsins. Verkefnisáætlun skal gera ráð fyrir að næsta verkþætti verði lokið eigi síðar en 15. janúar 2017.

Þegar niðurstöður liggja fyrir munu aðilar samkomulagsins taka afstöðu til framhalds verkefnisins og raunhæfni. Afstaða mennta- og menningarmálaráðuneytis um frekari þátttöku mun taka mið af því hvort Laugardalsvöllur verði skilgreindur sem þjóðarleikvangur.


Reykjavík, 12. október 2016



Illugi Gunnarsson
mennta- og menningarmálaráðherra



Dagur B. Eggertsson
borgarstjórinn í Reykjavík



Geir Þorsteinsson
formaður KSI

ERINDISBRÉF

Starfshópur um framtíð Laugardalsvallar

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) óskaði eftir formlegum viðræðum við Reykjavíkurborg um framtíð Laugardalsvallar, en KSÍ hefur unnið að þróun hugmynda um uppbygginga vallarins. Forhagkvæmnisathugun hefur leitt í ljós að grundvöllur er mögulega fyrir því að byggja upp fjölnota þjóðarleikvang í Laugardal og aðstöðu þar í kring. KSÍ hefur lýst yfir áhuga á að ganga til viðræðna við Reykjavíkurborg um hugsanleg kaup sambandsins á Laugardalsvelli og um uppbyggingu innan núverandi byggingareits vallarins án fjárhagslegrar aðkomu borgarinnar.

Undirrituð hefur verið viljayfirlýsing af Knattspyrnusambandi Íslands, Reykjavíkurborg og mennta- og menningarmálaráðuneytinu dags. 12. október 2016 um samstarf til að fullkanna rekstrargrundvöll fjölnota þjóðarleikvangs. KSÍ ber ábyrgð á framvindu verkefnisins og leggur fram verkefnisáætlun.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að leggja mat á tillögu að verkefnisáætlun og fylgjast með framgangi málsins auk þess að hafa umsjón með samskiptum við KSÍ og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Starfshópurinn skipa:

Hrólfur Jónsson, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (formaður), Ómar Einarsson íþrótt- og tómstundasviði, Björn Ingi Edvardsson/Björn Axelsson umhverfis- og skipulagssviði og Kristbjörg Stephensen borgarlögmaður.

Starfsmaður:

Jón Valgeir Björnsson, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Formaður hverfisráðs Laugardals hefur seturétt á fundum hópsins. Starfshópurinn leiti að auki ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Starfshópur starfi þar til úttekt á rekstrargrundvelli fjölnota þjóðarleikvangs í Laugardal liggur fyrir og tillögur lagðar fram um framtíð Laugardalsvallar.

Reykjavík, [dags.]

Dagur B. Eggertsson

Yfirlýsing ríkis og Reykjavíkurborgar um skipan starfshóps með KSÍ um uppbyggingu Laugardalsvallar

Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) hefur haft til skoðunar uppbyggingu Laugardalsvallar sem þjóðarleikvangs fyrir knattspyrnu. Í kjölfar góðs árangurs karla- og kvennalandsliða í knattspyrnu hefur farið fram umræða um stöðu Laugardalsvallar í alþjóðlegu samhengi. Völlurinn og mannvirki umhverfis hann eru langt frá því að standast alþjóðlegar kröfur. KSÍ hefur undanfarin misseri skoðað ýmsa möguleika til úrbóta. Fyrir liggur hagkvæmniathugun þar sem sviðsmyndir vegna mögulegrar uppbyggingar eru kynntar. Ríki og Reykjavíkurborg hafa stutt verkefnið með fjárframlögum, m.a. vegna kostnaðargreiningar.

Nú þegar fyrir liggur hagkvæmniathugun, rekstraráætlun, forhönnun og kostnaðarmat mannvirkja þarf að leggja mat á undirbúningsgögn og taka ákvörðun um framhald málsins. Forsætisráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík hafa því ákveðið að skipa starfshóp í samstarfi við KSÍ sem fara skal yfir fyrirliggjandi tillögur, leggja mat á þær og gera tillögur um mögulega uppbyggingu. Starfshópnum er falið að gera tillögu um:

- hvers konar leikvangur væri hagstæðastur í Laugardal af þeim kostum sem skoðaðir hafa verið,
- fjármögnun og kostnaðarskiptingu út frá þeirri hugmynd sem verður fyrir valinu,
- eignarhald og rekstrarform mannvirkisins,
- fyrirkomulag útboðsmála, innkaupa og samninga,
- mögulega aðkomu ríkisins að verkefninu, m.a. í ljósi hugmynda um regluverk um þjóðarleikvanga,
- mögulega aðkomu Reykjavíkurborgar að verkefninu,
- mögulega aðkomu KSÍ að verkefninu,
- tilhögun framkvæmda og tímaáætlun.

Starfshópurinn skipa:

Benedikt Árnason, skrifstofustjóri, forsætisráðuneyti, formaður

Anna Sigríður Arnardóttir, lögfræðingur, f.h. fjármála- og efnahagsráðuneytis

Óskar Þór Ármannsson, sérfræðingur, mennta- og menningarmálaráðuneyti

Hrólfur Jónsson, skrifstofustjóri eigna- og atvinnuþróunar, Reykjavíkurborg

Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, Reykjavíkurborg

Ómar Einarsson, sviðsstjóri íþróttá- og tómstundasviðs, Reykjavíkurborg


Guðni Bergsson, formaður Knattspyrnusambands Íslands


Guðrún Inga Sívertsen, varaformaður Knattspyrnusambands Íslands


Borghildur Sigurðardóttir, stjórnarmaður Knattspyrnusambands Íslands


Mælst er til að starfshópurinn skili tillögum sínum fyrir 1. apríl 2018.

Reykjavík, 11. janúar 2018


Katrín Jakobsdóttir,
forsætisráðherra


Dagur B. Eggertsson,
borgarstjóri


Bjarni Benediktsson,
fjármála- og efnahagsráðherra


Lilja D. Alfreðsdóttir,
mennta- og menningarmálaráðherra



Borgarráð

Reykjavík, 21. ágúst 2024

MSS24080032

Viljayfirlýsing um uppbyggingu þjóðarleikvanga í knattspyrnu og frjálsíþróttum í Laugardal

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela borgarstjóra að undirrita hjálagða viljayfirlýsingu forsætisráðherra, mennta- og barnamálaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, Reykjavíkurborg, Knattspyrnusamband Íslands og Frjálsíþróttasamband Íslands um framtíðaruppbyggingu þjóðarleikvanga í knattspyrnu og frjálsíþróttum í Laugardal. Borgarstjóri mun ásamt ráðherrum skipa framkvæmdahóp utan um verkefnið.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Viljayfirlýsing um uppbyggingu þjóðarleikvanga í knattspyrnu og frjálsíþróttum í Laugardal, dags.

2. september 2024

Viljayfirlýsing

um uppbyggingu þjóðarleikvanga í knattspyrnu og frjálsíþróttum í Laugardal

Forsætisráðherra, mennta- og barnamálaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, Reykjavíkurborg, Knattspyrnusamband Íslands og Frjálsíþróttasamband Íslands lýsa yfir sameiginlegum vilja að framtíðaruppbygging þjóðarleikvanga fyrir knattspyrnu og frjálsíþróttir verði í Laugardal með aðkomu þessara aðila samkvæmt nánara samkomulagi. Í því felst að byggja upp þjóðarleikvanga í knattspyrnu og frjálsíþróttum sem hafa heildarumgjörð og búnað sem krafist er til þess að halda viðurkennda viðburði í alþjóðakeppnum viðkomandi íþróttagreinna í samræmi við reglugerð nr. 388/2018 um viðurkenningu þjóðarleikvanga í íþróttum.

Sífelld ríkari kröfur eru gerðar til þjóðarleikvanga sem notaðir eru í alþjóðakeppnum. Þátttaka Íslands í alþjóðlegum keppnum krefst þess að hér á landi séu þjóðarleikvangar sem uppfylli kröfur alþjóðlegra íþróttasambanda til leikvanga. Laugardalsvöllur, sem hefur verið vettvangur glæsilegra íþróttaafreka frá 1959, er sá leikvangur sem kemst næst því að uppfylla þessar alþjóðlegu kröfur en verulegra endurbóta þarf þó við svo völlumurinn uppfylli kröfur leikvanga, t.d. í UEFA vallarflokki 4 eða World Athletics til alþjóðlegrar keppni, í núverandi ástandi.

Samkomulagsaðilar eru sammála um mikilvægi þess að þjóðarleikvangar í knattspyrnu og frjálsíþróttum verði byggðir upp í áföngum á sitt hvorum leikvanginum í Laugardal.

Góður árangur bæði íslenskra landsliða og félagsliða í knattspyrnu leiðir til þess að spila þarf leiki í alþjóðlegum keppnum allt árið um kring. Knattspyrnusamband Íslands, ríki og borg eru sammála um að fyrsti fasi uppbyggingar Laugardalsvallar verður að skipta út núverandi grasi á vellinum fyrir svokallað hybrid gras og setja hitunarkerfi undir völluminn en hybrid grasið uppfyllir lágmarks alþjóðlegar kröfur. Ríki og borg leggja hvor um sig allt að 250 m.kr. til þessa verkefnis sbr. kostnaðaráætlun dags. 31. júlí 2024 unna fyrir KSÍ og verður greitt í samræmi við framvindu verkefnisins. Þjóðarleikvangur ehf., sem er í eigu ríkisins, Reykjavíkurborgar og KSÍ, sér um framkvæmdirnar. Við þetta ætti Laugardalsvöllur að vera leikfær stóran hluta ársins. Viðræður um næstu skref uppbyggingar Laugardalsvallar fari fram í kjölfarið með þátttöku þessara aðila þar sem horft verði til endurbóta á mannvirkjum í áföngum samkvæmt nánara samkomulagi og taki mið af nýtingu Laugardalsvallar og hlutverks hans sem þjóðarleikvangs. Skipaður verði sérstakur starfshópur um verkefnið með aðkomu borgar, ríkis og KSÍ.


Með ofangreindu fyrsta skrefi fyrir þjóðarleikvangi í knattspyrnu er ljóst að tímabundið er enginn þjóðarleikvangur í frjálsíþróttum, þar sem hybrid gras leyfir ekki keppni í kastgreinum inn á grasið.


Vegna þessa verður samhliða unnið að því í samstarfi Frjálsíþróttasambands Íslands, ríkis og borgar að tryggja fullnægjandi aðstöðu fyrir íslenskt frjálsíþróttafólk til framtíðar. Í því skyni mun mennta- og barnamálaráðherra skipa starfshóp þar sem unnið verði áfram með hugmyndir frá starfshópi MRN frá september 2021.


Ríki og borg sammælast um að biðtími eftir þjóðarleikvangi í frjálsíþróttum verð eins stuttur og frekast sé unnt en aðilar eru meðvitaðir um mikilvæga keppni á Smáþjóðameistaramóti á Íslandi 2028 sem og Smáþjóðaleika, fáum árum síðar. Mennta- og barnamálaráðherra mun í samstarfi við Frjálsíþróttasamband Íslands gera tillögur og vinna að fjármögnun þeirra um hvernig leysa skuli aðstöðumál, fyrir æfingar og keppni til skemmri tíma.


Reykjavík, 2. september 2024



Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra


Sigurður Ingi Jóhannsson, fjárm.- og efnahagsrh.


Ásmundur Daðason, mennta- og barnam.rh.


Einar Þorsteinsson, borgarstjóri


Freyr Ólafsson, formaður FRÍ


Þorvaldur Örlygsson, formaður KSÍ